



Fundargerð aðalfundar EBAK 27. mars 2017

1. Setning aðalfundar:

Ávarp formanns:

Segðu já við lífið og þeim tækifærum sem það hefur upp á að bjóða. Þetta var þema málfings sem fræðslunefnd félags eldri borgara og Háskólinn á Akureyri héldu sameiginlega á síðastliðnu vori.

Ég verð að viðurkenna að þegar Svava Karlsdóttir formaður uppstillingarnefndar fór þess á leit við mig fyrir ári síðan að ég gæfi kost á mér til formennsku í þessu félagi, kom dálítið mikið hik á mig við að segja JÁ! Mér fannst ég hvorki vera orðin nógu gamall né þekkja nægilega vel til félagsins eða hagsmuna aldraðra yfirleitt.

En eftir að hafa velt þessu fyrir mér og rætt við konuna mína, sem sagði að það væri orðið alveg tímabært fyrir mig að búa mig undir þriðja æviskeiðið. Ég hefði hvort sem er verið viðloða félagsmál mesta hluta ævinnar. Því sló ég til og þess vegna er ég hér í dag.

En getum við litið á alla eldri borgara sem einn hóp, með sömu þarfir og væntingar, ég held ekki, allavega ekki ennþá, en vonandi í framtíðinni.

Eðlilega ræður þar miklu aldur og heilsufar, en það er margt fleira sem þar skiptir miklu máli varðandi velferð.

Tekjur eru mjög breytilegar eftir því hvort viðkomandi hefur verið í almennum eða opinberum lífeyrissjóði. Þetta verður að jafna á næstu árum, annað er óásættanlegt.

Tæknistig, þ.e.a.s. hversu vel hefur viðkomandi tileinkað sér nútímataækni, þar á ég við, allt frá ýmis konar farartækjum eins og ellinöðrum (rafskutla), heimilistækjum og alls þess sem tölvutækni hefur upp á að bjóða og nú síðast snjalltækjavæðinguna.

Þá hef ég orðið var við að viðhorf aldraðra til ýmis konar tómstundarstarfs er bæði nokkuð aldurs og tekjutengt. Sama á við um uppáhalds mat og veitingar. Einnig hefur hver áratugur sinn tónlistarsmekk. Þannig eru þarfir og langanir eldri borgara mjög breytilegar. Því vill stjórn félagsins leitast við í auknum mæli að mæta þörfum og löngunum félaga sinna, með hjálp ykkar sjálfra.

Allir vita hversu nauðsynlegt er að halda sér í góðu formi og það sé best gert með hreyfingu. Þess vegna er hér m.a. boðið upp á leikfimi og dans og ýmis konar leiki, íþróttir, nú síðast krullu og boccía. En það er ekki síður nauðsynlegt að halda heilanum í þjálfun en góð leið til þess er t.d. spilamennska, sérstaklega bridds, eins og hér er einnig boðið upp á. Sömuleiðis að tefla er gott í sama augnamiði.

Þá hefur skapandi hugsun og eða jákvæð hugsun mjög heilsusamlega áhrif á alla starfsemi líkamans. Því skulum við hafa það hugfast og muna ávallt að maður er manns gaman og það er gaman saman.

Hér á eftir verður greint frá starfi sl. starfsárs og geta menn tjáð sig um það sem vel hefur verið gert eða annað sem betur hefði mátt fara. Gott væri að fá ábendingu um eitthvað nýtt sem hægt væri að fitja upp á.

Frá því að við vorum hér síðast á aðalfundi fyrir um ári síðan, hafa nokkrir félagar okkar verið kallaðir af þessum heimi yfir móðuna miklu. Ég vil biðja viðstadda að rísa úr sætum og minnst þessara félaga okkar um leið og við sendum ættingjum þeirra samúðarkveðjur.

Setning fundarins

Lögmæti fundarins er kannað og hann reynist lögmætur. Tekið fram að aðeins félagsmenn hafa kosningarétt á fundinum.

Formaður sagði aðalfund Félags eldri borgara á Akureyri og nágrenni 2017 settan og bar upp tillögu stjórnar um starfsmenn fundarins: Baldvin J. Bjarnason sem fundarstjóra og ritarar yrðu, Margrét

Pétursdóttir, ritari félagsins og Dóra Steinunn Jónasdóttir, meðstjórnandi. Tillagan var samþykkt samhljóða og fundarstjóri og fundarritarar tóku til starfa.

2. Skýrsla stjórnar (tímabilið 24. mars 2016 til 27. mars 2017.)

Formaður EBAK, Haukur Halldórsson, flutti skýrsluna.

Stjórn félagsins var þannig skipuð milli aðalfunda 2016 – 2017.

Formaður Haukur Halldórsson, varaformaður Halldór Gunnarsson, ritari Margrét Pétursdóttir, gjaldkeri Gestur Jónsson, meðstjórnendur Arnheiður Kristinsdóttir, Jón Aðalsteinn Baldvinsson, Dóra Steinunn Jónasdóttir, varamenn, Kolbrún Kristjánsdóttir, Hallgrímur Gíslason og Aldís Björnsdóttir.

Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar var sett upp framkvæmdarráð innan stjórnar sem í sitja formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri.

Tólf bókaðir stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu, auk þess hittist framkvæmdarráð oft til undirbúnings stjórnarfunda sem og annarra verkefna. Til viðbótar sat hluti stjórnar ýmsa aðra fundi.

Skrifstofa félagsins var opin líkt og áður á miðvikudögum milli kl. 14:00 – 16:00, nema í júlí og ágúst, en þar var ávallt einhver stjórnarmaður til skrafs og ráðagerðar.

Nefndir félagsins

Stór hluti félagsstarfsins er á vegum hinna ýmsu nefnda en þær eru líkt og áður:

Skemmtinefnd, ferðanefnd, fræðslunefnd, kaffinefnd, spilanefnd (félagsvist og keppnisbridds), göngunefnd (útivist og heilsurækt).

Á árinu bættist við heimasíðunefnd þar sem ákveðnir aðilar voru fengir til að vera umsjónarmenn heimasíðunnar. Golfnefnd var einnig skipuð. Þá var líka stofnað til Bugðusíðunefndar sem sá um sumaropnun hér í félagsmiðstöðinni. Einnig er starfandi á vegum félagsins uppstillinganefnd.

Formenn eða talsmenn nefnda gera hér á eftir grein fyrir starfi nefnda sinna, þess vegna er ekki vikið nánar að starfi þeirra hér.

Stjórn félagsins þakkar öllum nefndum fyrir vel unnin störf á árinu.

Starfslýsingar

Starfslýsingar hafa nú verið gerðar fyrir allar nefndirnar í samvinnu við þær. Halldór Gunnarsson og Gestur Jónsson báru hitann og þungann af því verki og kann stjórnin þeim bestu þakkir fyrir starfið.

Tillögur samþykktar á síðasta aðalfundi og afdrif þeirra

Tillaga frá Sveini Sigurbjörnssyni og fleirum um að eldri borgarar fái jafn mikla hækkun á ellilífeyri sínum frá almannatryggingum eins og verkafólk hefur fengið á laun sín 2015 – 2016.

Tillögunni var komið til kjaranefndar Landssambands eldri borgara (LEB) en á formannafundi LEB sem haldinn var í Mosfellsbæ 26. apríl 2016 voru kjaramálin aðalurmæðuefni fundarins.

Á formannafundi LEB kom þetta til umræðu og þar var vísað til laga sem segja að hækkun almannatrygginga til ellilífeyrisþega skuli taka mið af launavísitölu en ekki hækkun lægstu launa þó svo sú hækkun sé meiri. Á fundinum var kynnt tillaga millipinganefndar, oft kennd við Pétur Blöndal, en hún gengur út á að einfalda kerfið með því að sameina grunnlífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót í eina summu frá almannatryggingum, sem mun síðan taka skerðingu um 45% vegna allra annarra tekna, hver sem svo uppruni þeirra er og ekkert frítekjumark. Við lögfestingu laganna í vetur var þó sett 25 þús. kr. frítekjumark á mánuði.

Á aðalfundinum var samþykkt tillaga frá stjórn um að veita hollvinasamtökum SAK (FSA) eina milljón króna styrk til tækjakaupa. Þessi styrkur var veittur á ársfundi SAK 2016.

Samþykkt var tillaga frá Karli Steingrímssyni þar sem skorað var á bæjaryfirvöld að skerða ekki stöðugildi eða þjónustu sem félagið hefur haft í samningi við Akureyrarbæ.

Samningur við Akureyrarbæ

Nýr samningur við Akureyrarbæ var undirritaður þann 31. maí vegna árána 2016 – 2017. Samningurinn var í flestum atriðum framlenging á eldri samningi varðandi húsnæði og rekstur þess sem bærinn leggur félaginu til ásamt einu stöðugildi. Beinn fjárstyrkur frá bænum lækkar nokkuð eins og sést í reikningum félagsins. Það er mat stjórnar að þessi samningur sé góður bæði fyrir bæjarfélagið og EBAK því að ég veit að sparnaðarkrafa á viðsemjendur okkar var býsna hörð frá hendi bæjarins.

Sigríður Stefánsdóttir framkvæmdastjóri samfélags- og mannréttindadeildar, eins og það hét þá, leiddi samningana fyrir hönd bæjarins, og vill stjórnin þakka henni fyrir það hversu mikinn skilning hún sýndi þessari starfsemi sem við reukum hér.

Nýmæli í samningnum er að EBAK tilnefni nú tvo fulltrúa í Notendaráð félagsmiðstöðvanna og að félagið komi í auknum mæli að skipulagningu starfseminnar með Akureyrarbæ. Að öðru leyti vísast til heimasíðu félagsins en þar er samningurinn í heild sinni.

Bugðusíðunefnd

Björg Finnbogadóttir (Bella) og fleiri óskuðu eftir fundi með Eiríki bæjarstjóra þar sem aðalumræðu- og umkvörtunarefnið var hversu lengi félagsmiðstöðin væri lokað yfir sumarið þ.e. frá 1. júní til 15. sept. Í framhaldi af þessum fundi hafði stjórn EBAK samband við nokkrar kjarnorkukonur og ræddi þann möguleika að þær, ásamt vonandi nokkrum körlum, tækju að sér að sjá um og bera ábyrgð á starfseminni yfir sumarið, þ.e.a.s. að vera með opið hús skv. eigin óskum og þörfum. Þá fengju þær lykлавöld að húsnæðinu með góðfúslegu leyfi Akureyrarbæjar. Á þetta var fallist og úr varð Bugðusíðunefnd undir forustu Huldu Eggertsdóttur.

Margþætt samstarf við Akureyrarbæ

Aðal tengiliður okkar við bæjaryfirvöld er Bergljót Jónasdóttir forstöðumaður tómsundamála en hún heyrir undir Kristinn Reimarsson nýráðinn sviðsstjóra samfélagssviðs. Samstarf við bæinn hefur verið margþætt, t.d. endurnýjun á tækjakosti félagsmiðstöðvarinnar svo sem skjávarpa, tölvu og lagfæringu á pool-borðum. Sömuleiðis er samstarf um útgáfu fréttabréfs (Gleðigjafinn) sem borið er út á hvert heimili en þar er gerð grein fyrir fjölbreyttu námskeiðahaldi. Í því skyni að bæta aðstöðu við kennslu á ýmis konar föndri óskaði bærinn eftir að við myndum færa skrifstofu félagsins til í húsinu og féllst stjórnin á það til reynslu.

Allt samstarf við Bergljótu hefur verið mjög ánægjulegt og finnst okkur alveg sérstakt hversu fljót hún er að bregðast við öllum okkar málaumleitunum og vill stjórnin þakka sérlega fyrir það. Einnig vill stjórnin þakka Hildi Björnsdóttur sem stendur daglega í því að leysa hvers manns vanda hér í félagsmiðstöðinni.

Ýmsir fundir

Fulltrúar stjórnar sátu fund Akureyrarbæjar um almenningsamgöngur í bænum og í framhaldi af þeim fundi átti stjórnin fund með forráðamönnum Strætisvagna Akureyrar þeim Jónasi Vigfússyni og Helga Má Baldvínssyni um hvernig væri hægt að skipuleggja strætisvagnaferðir þannig að þær nýttust eldri borgurum sem best.

Þá sat hluti stjórnar fund á vegum velferðarráðs um velferðarstefnu í málefnum eldri borgara. Akureyrarbær hefur nú sett upp starfshóp um næringu aldraðra og er Margrét Pétursdóttir fulltrúi EBAK í hópnum. Einnig sat formaður fund bæði á vegum Velferðarráðuneytisins og Tryggingastofnunar.

Á haustfundum talsmanna nefnda sem haldinn var 8. nóv. 2016 var ákveðið að halda námskeið í bridds, einnig var ákveðið að bjóða upp á kynningu í snooker, krullu og boccía. Mikil ánægja var með briddskennsluna. Þá sóttu 27 manns kynninguna á snooker, krullu og boccía. Í framhaldi var ákveðið að bjóða upp á æfingatíma í ofangreindum íþróttum. Samið var við Sjálfsbjörgu um afnot af sal í þeirra eigu tvisvar í viku til vors.

Þann 20. okt. var opinn fundur í HA um málefni aldraðra og var umræðuefnið „starfslok“. Var fundurinn vel sóttur. Helgi Pétursson hershöfðingi Gráa hersins ávarpaði fundinn og að loknum fundi átti hluti stjórnarmanna fund með honum.

Málþing - Samstarf fræðslunefndar EBAK og Háskólans á Akureyri

Málþingið var haldið 19. maí í HA undir titlinum „Segðu já við lífið“. Málþingið tókst vel í alla staði og var mætingin yfir 200 manns. Kór aldraðra söng við opnunina og félagar undir stjórn Sögu Jónsdóttur voru með létt efni á milli dagskrárliða. Formaður LEB Haukur Ingibergsson ávarpaði málþingið.

Aukið kynningarstarf – Snjalltækjavæðing

Heimasíða félagsins hefur verið uppfærð og endurbætt. Stofnuð var Facebook-síða á árinu á vegum fræðslunefndar EBAK en nú er hún fyrir félagið í heild. Nettenging og símatengingar voru endurbættar,

keyptur var nýr skjávarpi og tölva, hátalarar og míkrafónar lagfærðir. Námskeið var og verður haldið fyrir notendur þessara tækja, því ekkert er eins leiðinlegt og þegar tækin virka ekki.

Samkomulag er við bæinn um að hætta að leigja út salinn til óviðkomandi aðila enda lítið út úr því að hafa. Það skapar aukna möguleika fyrir félagskapinn t.d. síðdegis og um helgar.

Breytingar á samþykktum (lögum félagsins)

Þrjár minni háttar breytingar verða lagðar til á þessum aðalfundi, breyting á 5. gr. b og d liðum, breyting á 7. gr. a lið, breyting á 10. gr. a lið. Stefnt er að því að gefa samþykktir út í litlum handhægum bæklingi fyrir þá sem ekki geta notfært sér heimasíðu félagsins.

Fjárhagur félagsins

Gjaldkeri gerir grein fyrir fjárreiðum félagsins og leggur fram ársreikning.

Félagar í EBAK í ársbyrjun 2016 voru 1.150 og í árslok 1.270, hefur því fjölgað um 120 manns á árinu.

Þakkir formanns

Þakka meðstjórnendum fyrir gott samstarf á árinu. Allir voru mjög virkir í starfi og verkaskipting er mikil innan stjórnar.

Að lokum vil ég þakka ykkur kæru félagsmenn sem hafa treyst mér til þess að leiða starfið á árinu. Jafnframt því vil ég þakka öllum þeim sem ég hef átt samstarf við á árinu vegna starfa minna fyrir félagið. Þakka þeim sem hætta störfum í stjórn og í nefndum félagsins.

3 Reikningar ársins 2016.

Gjaldkeri EBAK, Gestur Jónsson, gerði grein fyrir reikningum félagsins 2016, sem voru áritaðir af stjórn og skoðunarmönnum reikninga.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins eru rekstrartekjur kr. 3.693.700 og rekstrargjöld kr. 5.167.387. Rekstrartap fyrir fjármagnsliði er því kr. 1.473.687. Fjármunatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti eru kr. 1.019.992. Tap ársins er því kr. 453.695.

Rekstrartekjur félagsins eru félagsgjöld kr. 3.063.700 og styrkur frá Akureyrarbæ kr. 450.000.

Helstu rekstrargjöld eru þessi: Vegna auglýsinga félagsins í fjölmiðlum kr. 832.183, styrkir til (göngunefndar félagsins og kórsins - Í fínu formi - o.fl. kr. 506.000, félagsgjöld til Landssambands eldri borgara (LEB) kr. 690.000, keypt áhöld og búnaður kr. 553.894, tölvu- og vefsíðukostnaður kr. 331.432 og ýmis aðkeypt þjónusta kr. 278.000.

Þá skal þess getið hér að félagið styrkti Sjúkrahúsið á Akureyri um kr. 1.000.000 til tækjakaupa á rekstrarárinu.

Reikningar félagsins bornir upp til samþykktar og samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

Fyrirspurn kom frá Hildi Helgadóttur sem spurði hvenær Allinn var seldur. Gestur upplýsti að Lárus List hefði keypt húsið 8. ágúst .2005 á 10.5millj. kr.

4. Skýrslur fastanefnda (tímabilið 24. mars 2016 til 27. mars 2017).

a) Ársskýrsla fræðslunefndar EBAK flutt af Valgerði Jónsdóttur

Á aðalfundi félagsins í mars 2016 hætti Guðmundur Ómar í fræðslunefnd, inn komu Hólmfríður Guðmundsdóttir, Grétar G. Ingvarsson og Stefán Vilhjálmsson. Í nefndinni eru einnig Guðbjörg Bjarman og Valgerður Jónsdóttir. Þar með fjölgaði um tvo í nefndinni. Nefndin skipti með sér verkum, Hólmfríður er formaður og nýtur leiðsagnar Guðbjargar, Grétar er ritari með aðstoð Valgerðar og Stefán er gjaldkeri. Guðbjörg og Valgerður hætta störfum í nefndinni í mars 2017. Undirbúningsfundir vegna fræðslu voru oftast einu sinni í mánuði en oftast ef þörf krafði.

Fræðsla vorið 2016:

Í mars var námskeið í tölvulæsi sem nemendur MA sáu um. Í apríl undirbjuggu Spékkoppar dagskrá fyrir ráðstefnu í HA og sr. Bolli Pétur Bollason fræddi um skáldin í Laufási. Í maí var ráðstefna á vegum HA og Félags eldri borgara, sem bar heitið Segðu já við lífið. Hún heppnaðist vel og voru gestir um 250. Í september var ferð á skáldaslóðir. Farið var að Bægisá, Hrauni í Öxnadal, Möðruvöllum og að Hlöðum. Leiðsögumenn voru Gunnar Frímansson, Bjarni E. Guðleifsson og Valdimar Gunnarsson. Þátttakendur voru um 30 og landið skartaði sínum fegurstu haustlitum. Í október var námskeið í framsögn með leiðsögn Sögu Jónsdóttur. Fjölbreytt dagskrá var undirbúin og fyrir jólin voru hjúkrunarheimili heimsótt. Í nóvember var námskeið í tölvulæsi í samstarfi við nemendur í MA. Einnig ákvað fræðslunefnd að fræðast um byggðakjarna við Eyjafjörð og fara síðan að vori í siglingu með Húna og skoða þessa staði frá sjó. Þorsteinn Pétursson flutti fyrsta erindið um síldarsöltunarstaði við Eyjafjörð.

Í desember komu norðlenskir höfundar og lásu úr nýútgefnum bókum sínum, en þeir voru Jón Hjaltason, Davíð Hjálmar Haraldsson, Magnús Stefánsson og Ragnar Jónasson.

Í janúar 2017 var lestur úr bókum eftir fleiri norðenska höfunda, þau Kristínu Aðalsteinsdóttur, Brynjar Óttarsson og Bjarna E. Guðleifsson. Í febrúar var Haraldur Þ. Egilsson með fróðlegan fyrirlestur um byggð og starfsemi í Gásakaupstað fyrr á tíð. Einnig var briddsnámskeið sem Stefán Vilhjálmsson stjórnaði og 12 fróðleiksfúsir nemendur mættu. Í apríl mun Jón Hjaltason koma og fræða okkur um þéttbýlismyndun við Eyjafjörð. Mæting á fræðslufundi hefur verið allt frá 30 manns og upp í 90 manns. Samvinna við nema í 2. bekk MA um kennslu á tölvutæki verður aftur í apríl.

b) Skýrsla ferðanefndar, flutt af Huldu Eggertsdóttur formanni

Nefndina skipa Hulda Eggertsdóttir formaður, Hákon Hákonarson varaformaður, Karl Jörundsson ritari, Ásgerður Snorradóttir gjaldkeri, meðstjórnendur voru Karl Steingrímsson, Kolbrún Kristjánsdóttir og Rafn Sveinsson. Nefndin hefur haldið 19 reglulega fundi hér á landi auk 3ja funda, sem haldnir voru á Kanaríeyjum. Fyrsta verkefni tímabilsins var leikhúsferð í Freyvangsleikhúsið á Saumastofuna, farið á tveimur rútum, Rafn var fararstjóri í annarri, Hulda í hinni. Kaffiveitingar voru í hléinu og góður rómur var gerður af þessari ferð.

Farin var utanlandsferð til Costa Brava 16.-29. apríl. Fámennt og góðmennt var í þeirri ferð, sem tókst vel í alla staði. Stóra innanlandsferðin okkar var farin 22.-25. maí til Stykkishólms og gist á Hótel Stykkishólmi í 3 nætur, margir markverðir staðir skoðaðir og farið á Jökulinn. Ferðin tókst mjög vel þó veðurguðirnir hefðu mátt verð okkur hliðhollari, fararstjórar voru Hákon og Hulda.

Þann 12. júlí var farin dagsferð til Húsavíkur og mannvirkin á Þeystareykjum og Bakka skoðuð, komið við í Rauðuskriðu á heimleið og notið veitinga. Fararstjórar Karl Steingr. og Kolbrún. Þriggja daga ferð var farin á Strandir 16.-18. ágúst og gist á Hótel Laugarhóli, þaðan ekið til Djúpavíkur og Norðurfjarðar. Fararstjórar Karl Jör. og Rafn.

Haustferðin frá Akureyri var til Benidorm á Spáni 18. sept til 9. okt. og gist á Hótel Melía.

Þetta er ein fjölmennast ferð, sem við höfum skipulagt eða hátt í 200 manns. Með í för var hjúkrunarfræðingur, Þóra Ákadóttir, sem var okkur mikil hjálp. Fararstjórar voru Anna Lea og Brói.

Í samvinnu við skemmtinefnd sáum við um ferð til Mývatnssveitar þann 1.-2. desember á jólahlaðborð í Hótel Seli. Umsjón frá okkar nefnd var í höndum Rafns, Hákonar og Ásgerðar.

Sú nýbreytni var tekin upp nú í vetur að fara utanlandsferð um vetrartímann og var hún farin 24. febrúar til 17. mars. Þátttakendur í ferðinni voru 34 og var farið til Gran Canaria og dvalið á Hótel Barcelo Margaritas á ensku ströndinni. Ágætis ferð í alla staði.

Við höfum þann hátt á að fararstjórar hveirar innanlandsferðar bera ábyrgð á sinni ferð og skila síðan skriflegu uppgjöri til gjaldkera eftir ferðina.

Erfitt er að verðleggja innanlandsferðirnar. Stundum þarf að endurgreiða fargjöld vegna forfalla á síðustu stundu og hljóta allir að sjá að slíkt getur eyðilagt annars ágæta fjárhagsáætlun. Flestar ferðir standa þó undir sér fjárhagslega. Þátttaka í innanlandsferðum ræðst oftast af stærð gistirýmis á hverjum stað 40-50 rúm. Allir samningar við hótél og jafnvel matsölustaði eru orðnir mikið erfiðari eftir að ferðamönnum fjölgaði svo mjög.

Ákveðið hefur verið að okkar árlega ferðkynning verði 1. apríl hér í Bugðusíðu 1, kl. 13.00. Kynnar verða margar spennandi ferðir, sem verða í boði bæði innan og utanlands.

c) **Ársskýrsla skemmtinefndar**, flutt af Birgi Sveinbjörnssyni formanni

Nefndina skipuðu: Formaður Birgir Sveinbjörnsson, varaformaður Björg Dagbjartsdóttir, gjaldkeri Páll Gíslason, ritari Erna Tuliníus, meðstjórnendur Ásta Axelsdóttir, Svava Karlsdóttir, Sveinn Sigurbjörnsson, Filippía Sigurjónsdóttir og Pétur Sigurðsson. Björg Dagbjartsdóttir sem verið hefur varaformaður nefndar undanfarin ár tekur sér hvíld frá skemmtinefnd. Við þökkum Björgu mjög vel unnin störf í þágu nefndarinnar og félagsins og bjóðum velkominn í staðinn Ágúst Erlendsson og vonumst eftir góðu samstarfi við hann.

Verkefni nefndarinnar voru kráarkvöldin, bingóin, árshátíðin og vorfagnaðurinn auk þess að halda jólagleði, í samstarfi við ferðanefnd, sem fólst í ferð í Sel í Mývatnssveit þar sem var gist og glímt við jólahlaðborð ásamt skemmtiatriðum.

Kráarkvöld voru tvisvar á haustdögum í september og október og síðan mánaðarlega frá áramótum. Það sjötta og síðasta á starfsárinu verður núna 8. apríl. Á kráarkvöldum sem standa frá kl. 20:30 til miðnætis á laugardagskvöldum er höfuðáhersla lögð á að fólk hittist til að dansa og skemmta sér. Fjörkálfarnir hafa leikið fyrir dansi hjá okkur nú nærri tvö starfsár við almenna ánægju. Í hálfleik þegar hljómsveitin tekur sér hlé eru uppbrotsatriði og er nefndarfólk þar í aðalhlutverkum. Þar er alls kyns menning viðhöfð. Á þessu starfsári tók skemmtinefndin alfarið við bingóinu sem er á þriðjudögum kl. 13:15 í salnum okkar í Bugðusíðu. Nefndarfólk stjórnar bingóinu til skiptis en starfsfólkið hér hefur kaffi og meðlæti á boðstólum á eftir. Birgi telst svo til að 23. bingóið síðan í haust verði á morgun og lokabingóið á þessu vori er áformað 25. apríl.

Vorgleðin sem haldin er í samstarfi við kaffinefndina er síðasta laugardag í apríl. Seinast var húsfullir. Þá er sumri fagnað, boðið upp á kræsingar af hlaðborði, söngatriði, gamanmál og dans. Við lofum vandaðri dagskrá og miklum krásum á væntanlegri vorgleði laugardaginn 29. apríl klukkan 14:30 hér í salnum. Að sjálfsgöðu verður dansað í lokin.

Árshátíðin var miðvikudaginn 9. nóvember og var hún með hefðbundnu sniði, hátíðarkvöldverður, skemmtiatriði og dans. Um veislustjórn og gamanmál sáu hjónin Þórhildur Örvarsdóttir og Skúli Gautason. Um 80 manns sóttu skemmtunina.

Jólagleðin sem farin var í Mývatnssveit og haldin í samvinnu við ferðanefnd var farin í byrjun desember. Þangað fóru um 90 manns. Ferðanefnd bar hitann og þungann af skipulagningu þeirrar ferðar að venju, en við í skemmtinefnd sáum um veislustjórn og hluta skemmtiatriða. Allir sem ég hef heyrt frá eru sammála um að hún hafi verið mjög vel skipulögð og skemmtileg.

8 formlegir fundir voru haldnir hjá skemmtinefndinni á starfsárinu og nokkrir óformlegir eða í tengslum við annað. Góð aðsókn hefur verið á viðburði nefndarinnar og reksturinn stendur undir sér.

Skemmtinefndin stefnir að svipaðri starfsemi á næsta starfsári.

d) **Spilanefnd (keppnisbridds)**. Jóhannes Sigvaldason formaður flutti skýrsluna. Spilað er á 9 borðum, 26 skipti á þessu ári. Við erum bara tveir, Karl Jörundsson og ég. Þorsteinn Friðriksson hefur hlaupið í skarðið fyrir mig.

e) **Spilanefnd (félagsvist)**. Gunnar Jóhannsson formaður flutti skýrsluna.

Vel hefur verið mætt, spilað á 19 – 20 borðum. 80 manns á kvöldi. Stendur vel í vetur. Konurnar sjá um kaffiveitingar en karlarnir standsetja salinn, spilað á kvöldin kl. 20 – 23.

f) **Ársskýrsla göngunefndar** flutt af Júlíönu Tryggvadóttur fyrir Soffíu Jónsdóttur formann.

Nefndina skipa: formaður Soffía Jónsdóttir, varaformaður Júlíana Tryggvadóttir, gjaldkeri Jakob Jóhannesson, ritari Unnur Þorsteinsdóttir og meðstjórnandi Gylfi Guðmarsson.

Göngunefndin hélt 7 fundi á starfsárinu. Nefndin sá um tólf ferðir í Kjarnaskóg á þriðjudagsmorgnum síðasta sumar. Einnig var farin ein óvissuferð, þannig að þetta voru allir þriðjudagar í júní, júlí og ágúst. Í gönguferðirnar mættu frá 23 til 48 manns, samanlagt 436 eða að meðaltali um 36 í ferð. Í eina ferðina kom Pálmi Stefánsson með harmoniku og spilaði um stund á pallinum í Kjarnaskógi. Í óvissuferðinni voru 59 manns. Við fórum á Blönduós, borðuðum súpu og brauð í Eyvindarstofu, skoðuðum svo Heimilisíðnaðarsafnið, en þeir sem ekki höfðu áhuga á því fóru í gönguferð með Jakobi. Þá var ekið yfir

Þverárfjall, út Reykjaströnd og Grettislaug skoðuð. Næsti viðkomustaður var Ljósheimar, en þar beið okkar fínasta kaffihlaðborð. Þar mætti svo Geirmundur Valtýsson með harmonikuna og spilaði og söng með fólkinu. Þessi ferð var alfarið greidd af þátttakendum kr. 7.500 á mann. Félagið greiddi hins vegar rútuferðirnar í Kjarnaskóg.

5. Skýrslur annarra nefnda og hópa.

a) Skýrsla umsjónarmanna heimasíðu ebak.is, flutt af Hallgrími Gíslasyni.

Umsjónarmenn eru Hallgrímur Gíslason tengiliður, Halldór Gunnarsson ritari og Anna G. Thorarensen aðstoðarmaður.

Við höfum haldið fjóra formlega fundi, auk tveggja funda með þjónustustjóra Stefnu ehf. Einnig hafa mikil samskipti farið fram í gegnum tölvupóst, síma og samtöl.

Hlutverk okkar er að afla efnis úr starfi félagsins og viðhalda virkri heimasíðu eftir því sem aðstæður leyfa. Umsjónarmenn setja inn á heimasíðuna fréttir af starfinu, fundargerðir, upplýsingar um fulltrúa í stjórn og nefndum, atburði á vegum félagsins og frístundaráðs Akureyrarbæjar bæði í Víðilundi og í Bugðusíðu. Svona mætti lengi telja. Einnig viljum við fá myndir, kveðskap, sögur og annað efni úr félagsstarfinu inn á síðuna. Öll aðstoð við að útvega okkur slíkt efni er vel þegin.

Síðastliðið haust var heimasíðan endurnýjuð eins og ástæða þótti til. Síðan var sett upp nýjasta útgáfan af forritinu og jafnframt var síðunni breytt þannig að hún er aðgengilegri en áður fyrir þá sem nota snjallsíma og spjaldtölvur. Forritun heimasíðunnar er gerð af starfsmönnum Stefnu og erum við mjög ánægð með þjónustu þeirra.

Helstu fréttir af heimasíðunni er einnig hægt að fá í tölvupósti og hvetjum við þá sem ekki fá fréttirnar þannig að fara inn á ebak.is og skrá sig á póstlista.

Í framhaldi af þessum breytingum var stofnaður hópur á Facebook, sem nefnist:

EBAK Félag eldri borgara á Akureyri

Tilgangur hópsins er í stuttu máli að auka upplýsingastreymið frá félaginu. Við viljum hvetja þá sem ekki eru komnir í hópinn að finna hann á Facebook og óska eftir að gerast meðlimir.

Inn á hópsíðuna eru settar upplýsingar um alla viðburði. Einnig frásagnir og myndir frá atburðum, en það er mun aðgengilegra að setja inn myndir og jafnvel að skoða þær á Facebook en á heimasíðu.

Umsjónarmenn setja inn beinar auglýsingar, en nefndaformenn og aðrir setja inn aðrar upplýsingar, en við aðstoðum eins og með þarf. Hallgrímur og Halldór hafa umsjón með hópnum þar til annað verður ákveðið. Rétt er að taka fram að umsjónarmenn heimasíðu og facebook hóps félagsins starfa samkvæmt starfslýsingu EBAK.

Við vonumst eftir framhaldi á virku og góðu samstarfi við stjórn, nefndaformenn og aðra sem koma að ofangreindum verkefnum á einn eða annan hátt. Fjöldi heimsóknna á heimasíðuna hefur margfaldast á árinu. Ef þið hafið einhverjar ábendingar um eitthvað sem betur mætti fara eða hvernig við getum nýtt netið betur, endilega komið því á framfæri við okkur.

b) Ársskýrsla golfnefndar – flutt af Sigurði Hermannssyni.

Golfiðkun (pútt) byrjaði hjá félaginu haustið 2015 eftir að samkomulag náðist við Golfklúbb Akureyrar um nýtingu á aðstöðu þeirra í íþróttahöllinni. Samkomulagið var gert að ósk EBAK með milligöngu Akureyrarbæjar. Stjórn félagsins tilnefndi Sigurð Hermannsson og Karl Steingrímsson til að annast umsjón þessa verkefnis fyrsta veturinn. Strax tókst mjög góð samvinna við G.A. en hún var fyrst og fremst í gegnum Sigmund Ófeigsson formann G.A., Ágúst Jensson, framkvæmdastjóra og Sturlu Höskuldsson þjálfara. Auglýst var eftir þátttakendum og voru skráðir 39 þátttakendur í upphafi sem var skipt niður í þrjá hópa sem æfðu einn tíma í hverri viku. Hópnum var fækkað í tvo eftir áramót. Sturla mætti í tíma og sýndi aðilum aðalatriðin varðandi pútt auk þess sem þeir sem einhverja reynslu höfðu miðluðu til hinna. Um vorið var svo haldin keppni og spilað til verðlauna bæði hjá konum og körlum. Þátttökugjöld félagsmanna voru 114 þúsund að frádregnum kostnaði við verðlaun. Sl. sumar var boðið upp á að púttá á æfingasvæði G.A. tvisvar í viku. Þetta var ekki auglýst sérstaklega en 5-10 aðilar nýttu sér þetta reglulega. Í haust tóku Sigurður ásamt Dóru Steinunni Jónasdóttur og Hlyn Jónassyni að sér að sjá um pútt í höllinni þennan vetur. Auglýst var aftur í dagskránni og gáfu aftur 39 aðilar sig fram til skráningar. Þeim var skipt niður í þrjá hópa eins og síðast með sama fyrirkomulagi og árið á undan.

Sumir þessara aðila hættu við eða mættu bara einu sinni. Eftir áramót var aftur auglýst og aðilum boðið að skrá sig og bættust þá nokkrir nýir við an aðrir féllu út tímabundið eða alveg. Samtals hafa um 60 manns verið skráðir til þátttöku. Í desember var spilað til verðlauna í tveimur hópum og veitt verðlaun til þriggja efstu hjá bæði konum og körlum. Þetta verður endurtekið nú í vor. Einnig er gert ráð fyrir að Sturla taki þá sem vilja í kennslustund, þar sem farið er í undirstöðu atriði við hefðbundið golf. Það verður væntanlega í apríl eða maí. Vonandi fáum við að æfa þútt á æfingarsvæði GA eins og í fyrra og jafnvel að prufa að spila golf á nýju þrjú brautunum sem til stendur að opna nú í sumar hjá golfklúbbum. Það hafði verið rætt milli mín og fráfarandi framkvæmdastjóra en ekki gengið formlega frá því. Þetta mun verða auglýst síðar ef af verður. Innheimt þáttökugjöld á þessum vetri til dagsins í dag eru 98 þúsund. Þar af í sjóði kr. 8.000 og kr. 90.000 lögð inn á bók í Landsbanka. Inn á þeirri bók í dag eru kr. 204.808. Ógreiddur er auglýsingakostnaður (skuld við aðalstjórn), kostnaður við verðlaun 2016-17 og kostnaður við keypta tíma hjá þjálfara GA. Að lokum þakkaði Sigurður meðnefndarmönnum sínum bæði nú í ár og á síðasta ári kærlega fyrir samstarfið sem af er. Sérstakar þakkir fá svo stjórnendur GA, fráfarandi framkvæmdastjóri og þjálfari fyrir frábært samstarf svo og allir félagsmenn í GA.

c) **Skýrsla Bugðusíðunefndar fyrir sumaropnun Félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu sumarið 2016,** flutt af Huldu Eggertsdóttur, formanni.

Þessi nefnd er ný og starfsemin á tilraunastigi – tilkomin vegna óhóflega langs lokunartíma Akureyrarbæjar á félagsstarfinu hér í Bugðusíðu, eða 3 ½ mánuður. Á vordögum var ákveðið í samráði við stjórn EBAK að halda opinni starfsemi hér að hluta til í júní, loka í 4 vikur í júlí, og halda síðan áfram starfi í ágúst og fram í september. Ákveðið var að hafa dagskrána þannig :

Mánudagar opnað kl. 9, Pálínukaffi 10:30 – 11:30, miðvikudaga spilað kl. 13 – 16, selt kaffi og kleinur, föstudagar opið kl. 9-12, kaffi og spjall, alla dagana voru blöð og tímarit til aflestrar.

Starfsemin gekk ótrúlega vel og voru tæplega 1.000 manns skráðir í gestabók okkar eftir sumarið. Sýnir það best þörfina á einhverri starfsemi yfir sumarið. Allt starf nefndarinnar var unnið í sjálfböðavinnu og þurftum við einnig að vera fjárhagslega sjálfbær. Þetta gekk það vel, með ánægðum þátttakendum, að síðasta Pálínukaffið varð að veislu með snittum, konfektí o.fl.

Þeir sem sæti áttu í nefndinni voru: Hulda Eggertsdóttir formaður, Svavar Páll Laxdal ritari, Ólöf Pálsdóttir, Kristín Haraldsdóttir og Björg Finnbogadóttir meðstjórnendur. Hulda þakkaði þeim öllum fyrir frábært samstarf og bað þá sem langar til að vinna gott og gjöfult starf í sjálfböðavinnu næsta sumar að hafa samband við hana. - Fleiri hendur vantar.

d) **Ársskýrsla notendaráðs,** Unnur Þorsteinsdóttir, formaður flutti:

Notendaráð félagsmiðstöðvanna er skipað fimm aðalmönnum sem eru Bára Ólafsdóttir, Kolbrún Geirsdóttir, Lárus Reynir Halldórsson, Páll Magnússon og Unnur Þorsteinsdóttir. Varamenn eru Sigurveig Einarsdóttir og Árni Bergmann. Fulltrúar EBAK eru Hulda Eggertsdóttir, Jón Aðalsteinn Baldvinsson og til vara er Dóra Steinunn Jónasdóttir. Ráðið fundar annan föstudag í hverjum mánuði kl. 11:00, til skiptis í Bugðusíðu og Víðilundi. Notendaráðið er hugsað sem tengiliður milli starfsfólks og notenda félagsmiðstöðvanna í Víðilundi og Bugðusíðu og hefur samstarfið gengið mjög vel. Skömmu fyrir jól sannaðist nauðsyn þess að hafa slíkt ráð starfandi, þegar upp komu leiðindi og misskilningur vegna skyndilegra breytinga í starfsmannahaldi félagsmiðstöðvanna. Ráðinu tókst að lægja að mestu þær öldur sem risu út af því. Notendaráði er ætlað að vera ráðgefandi fyrir yfirmenn félagsstarfsins og koma á framfæri hugmyndum og tillögum notenda, ásamt því að fylgjast með þróun starfsins í félagsmiðstöðvunum og hefur verið reynt eftir fremsta megni að uppfylla það. Búin voru til hugmyndabox sem fólk var beðið um að setja í óskir sínar um ný verkefni og virkaði það ágætlega. Tillit var tekið til þessara óska þegar nýtt ár var skipulagt og eftir áramót bættust því nokkrir liðir á verkefnaskrána, sem var vel tekið hjá notendum. Engar kvartanir hafa borist ráðinu frá notendum mun fremur ánægjuraddir. Ráðið er í góðum tengslum við yfirmenn félagsstarfsins og allt upp til bæjarstjóra.

e) **Skýrsla fulltrúa EBAK í Öldungaráði Akureyrarbæjar,** Sigurður Hermannsson, varaformaður öldungaráðs flutti.

Aðalfundur Félags eldri borgara á Akureyri sem haldinn var 24. mars 2014 ályktaði að óska eftir því við bæjarstjórn Akureyrarbæjar að öldungaráð yrði stofnað í bæjarfélaginu. Hvatning um stofnun

öldungaráða í sveitarfélögum vítt og breitt um landið hafði komið frá Landssambandi eldri borgara (LEB) en EBAK er aðili að því. Tilgangur og markmið með stofnun öldungaráðs á Akureyri má lesa í samþykktum fyrir ráðið sem samþykktar voru á stofndegi þess þann 9. júlí 2015 (sjá samþykktir fyrir öldungaráð). Fulltrúar EBAK í öldungaráði eru Sigurður Hermannson varaformaður ráðsins, Anna G Thorarensen, Halldór Gunnarsson og Arnheiður Kristinsdóttir varamaður. Fulltrúar Akureyrarbæjar eru Dagbjört Pálsdóttir, formaður, Gunnar Gíslason og Guðmundur Baldvin Guðmundsson varamaður. Formlegt starf ráðsins hófst af ýmsum ástæðum ekki fyrr en í febrúar 2016. Haldnir voru fjórir formlegir fundir í öldungaráðinu á árinu 2016. Fundargerðir öldungaráðs á árinu 2016 eru inn á heimasíðu Akureyrarbæjar.

- f) **Ársskýrsla kórs eldri borgara** – „Í finu formi“. Baldvin Bjarnason formaður flutti skýrsluna. Stjórn kórsins: Baldvin Jóhannes Bjarnason formaður, Sævar Hallgrímsson varaformaður Sigrún Sæmundsdóttir gjaldkeri, Sigríður Guðmundsdóttir ritari, Rósa Gunnarsdóttir meðstjórnandi. Æfingar kórsins eru tvisvar í viku – tvær klukkustundir í hvort skipti – og standa frá byrjun september til loka maí. Sungið er við ýmis tækifæri t.d. á Hlíð, í Lögmanshlíð og Kristnesi um jól og áramót. Einnig hefur alltaf verið sungið í Akureyrarkirkju á uppstigningardag líklega í ein þrjátíu ár. Vortónleikar kórsins eru hápunktur starfsins ár hvert - einnig haldnir í Akureyrarkirkju - laugardaginn fyrir páskaviku. Sl. vor fór kórinn til Eistlands og heimsótti þarlandan kór og tókst sú ferð afar vel. Kórstjóri er Petra Björk Pálsdóttir og meðleikari Valmar Völjaots og fullyrti Baldvin að söngmenn væru ánægðir með þau. Í kórnum eru rúmlega sextíu söngvarar en algengast er að u.þ.b. fimmtíu mæti á hverja æfingu. Þær eru haldnar í Víðilundi 22 í húsnæði bæjarins og þar fer vel um kórinn. Fjárhagsstaða kórsins er þökkaleg en það kostar kr. 1500 á mánuði að vera með. Ekkert er greitt á sumrin. Kórinn hefur haldið þrjú bingó á ári til fjáröflunar. Það er mikil vinna að útvega vinninga, stilla upp fyrir bingóið, selja kaffi og vöflur og lukkupakka. Margir kórfélagar koma að framkvæmdinni og hafa gert lengi. Helstu nýmæli í störfum kórsins eru þau að nokkrir „ungir“ söngvarar hafa bæst í hópinn og hann styrkst umtalsvert. Vortónleika kórsins verða haldnir í Akureyrarkirkju laugardaginn 8. apríl. Söngskráin er fjölbreytt og eitthvað fyrir alla.

6. Lagabreytingar:

Halldór Gunnarsson varaformaður EBAK kynnti eftirfarandi tillögur stjórnar að breytingum sem allar voru samþykktar:

Breyting á 5. grein b – liðar er varðar stjórnskipan:

Liðurinn hljóðar svo fyrir breytingu: Stjórnarmenn skal kjósa til tveggja ára þannig að annað árið er kosinn formaður, þrír aðalmenn og fyrsti varamaður og hitt árið þrír aðalmenn og annar og þriðji varamaður.

Liðurinn hljóðar svo eftir breytingu: Stjórnarmenn skal kjósa til tveggja ára þannig að annað árið er kosinn formaður, þrír aðalmenn og einn varamaður og hitt árið þrír aðalmenn og tveir varamenn. Hætti stjórnarmaður á miðju kjörtímabili skal, þrátt fyrir ofangreint ákvæði, kjósa eftirmann hans til eins árs. Stjórn ákveður röð varamanna á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund.

Breyting á 5. grein d – liðar er varðar stjórnskipan:

Liðurinn hljóðar svo fyrir breytingu: Stjórn félagsins skal gera tillögu til aðalfundar um fulltrúa á landsfund Landssambands eldri borgara (LEB) það ár sem landsfundur er haldinn. Kjósa skal jafnmarga fulltrúa og félagið á rétt á hverju sinni og jafn marga til vara í raðaðri röð. Formaður félagsins er sjálfkjörinn.

Liðurinn hljóðar svo eftir breytingu: Stjórn félagsins velur fulltrúa á landsfund Landssambands eldri borgara (LEB) það ár sem landsfundur er haldinn. Velja skal jafnmarga fulltrúa og félagið á rétt á hverju sinni og jafn marga til vara í raðaðri röð. Formaður félagsins er sjálfkjörinn.

Breyting á 7. grein a – liðar er varðar verkefni stjórnar

Liðurinn hljóðar svo fyrir breytingu: Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund skal stjórnin skipta með sér verkum og kys sér varaformann, ritara og gjaldkera. Skilgreina skal í hvaða röð varamenn taki sæti í forföllum aðalmanna.

Liðurinn hljóðar svo eftir breytingu: Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund skiptir stjórnin með sér verkum og kys sér varaformann, ritara og gjaldkera. Þessir þrjú aðilar ásamt formanni skipa framkvæmdaráð innan stjórnar. Þá skipar stjórn tvo fulltrúa og einn varafulltrúa í notendaráð félagsmiðstöðva eldri borgara í Bugðusiðu og Víðilundi.

Breyting á 10. grein a – liðar er varðar uppstillinganefnd:

Liðurinn hljóðar svo fyrir breytingu: Uppstillinganefnd er kosin árlega á aðalfundi félagsins. Annað árið er kosinn formaður og tveir meðstjórnendur og hitt árið tveir meðstjórnendur. Stjórn félagsins leggur fram tillögu á aðalfundi um aðila í nefndina. Einnig er félögum heimilt að tilnefna aðila.

Liðurinn hljóðar svo eftir breytingu: Kosið er árlega í uppstillinganefnd á aðalfundi félagsins. Annað árið eru kosnir tveir fulltrúar og hitt árið þrjú fulltrúar. Á fyrsta fundi nefndarinnar eftir aðalfund kys hún sér formann og ritara. Stjórn félagsins leggur fram tillögu á aðalfundi um aðila í nefndina. Einnig er félögum heimilt að tilnefna aðila.

Lög félagsins með áorðnum breytingum voru samþykkt á aðalfundi 27. mars 2017 og öðlast þegar gildi.

7. Kosningar í stjórn, nefndir og önnur embætti.

Hugrún Hólmsteinsdóttir kynnti tillögu uppstillinganefndar EBAK fyrir hönd Svövu Karlsdóttur formanns nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er að leggja fram lista á aðalfundi um aðila í stjórn og fastanefndir félagsins.

Nefndin var þannig skipuð; Svava Karlsdóttir formaður, Hugrún Hólmsteinsdóttir ritari, Sævar Hallgrímsson, Baldur Þorsteinsson og Kolbeinn Sigurbjörnsson.

Þann 11. jan. 2017 voru fulltrúar frá nefndinni boðaðir á fund með aðilum frá stjórn EBAK. Rætt m.a. um hversu margt nýtt fólk vantaði í stjórn félagsins og hinar ýmsu nefndir. Einnig var farið yfir lög um uppstillinganefndina og þá sérstaklega fyrirkomulag á vali formanns nefndarinnar. Rætt var um lagabreytingu hvað það varðaði.

Starf uppstillinganefndar fyrir árið 2016-17 var með mjög svipuðu sniði og undanfarin ár. 6 formlegir fundir voru haldnir, ótalin símtöl og tölvupóstar. Fyrsta fundinn héldum við í desember, svona f.o.f. til að hrista hópinn svolítið saman.

Hefðbundið starf nefndarinnar hófst svo í janúar en þá var komið í ljós hvar þyrfti að bæta við fólki í nefndir og stjórn félagsins og átti nefndin að skila tillögum til stjórnar félagsins í síðasta lagi 28.febr. Samkvæmt lögum félagsins var byrjað á að auglýsa eftir áhugasömu fólki í Dagskránni þ. 25. janúar og aftur 1. febrúar. Það bar þó vægast sagt lítinn árangur, þ.e.a.s. einn einstaklingur hafði samband við okkur og kom það dálítið á óvart að ekki skyldi vera meiri áhugi fyrir félagsstarfinu.

En nú þyrfti að bregðast við. Höfðum við okkur til aðstoðar lista með nöfnum fólks sem sýnt hafði áhuga á að starfa í félaginu og tókst okkur að fá einstaklinga til að setjast í nefndir þar sem vantaði. Einnig tókst á endanum að finna gott fólk í stjórn og varastjórn félagsins í stað þeirra sem hættu.

Var tillögum uppstillinganefndar síðan skilað til stjórnar þ. 28.febr.

Að lokum minntist Hugrún á starfslýsingu nefndarinnar sem var endanlega tilbúin síðastliðið haust. Mikið gagn er að hafa þessa starfslýsingu, þar eru skýrar reglur og leiðbeiningar varðandi störf nefndarinnar og kemur það í veg fyrir óþarfa vafaatriði og vandræði.

Tillögur uppstillinganefndar: - Ekki bárust aðrar tillögur og var því sjálfkjörið.

Stjórn félagsins 2017-2018

Tímabil	Árafj	Nafn	Kennitala	Símanúmer	Netfang
Formaður					
2016-2018	2	Haukur Halldórsson	250145-2629	462-4502/892-2258	halldorsson@internet.is
Aðalstjórn					
2016-2018	2	Margrét Pétursdóttir	250546-3359	462-4335/863-4335	mpe@simnet.is
2016-2018	2	Jón Aðalsteinn Baldvinsson	170646-3129	462-3346/861-1146	jon@holar.is
2016-2018	2	Dóra Steinunn Jónasdóttir	120151-2319	462-2646/694-7248	dorasjonasdottir@gmail.com

2017-2019 3 Halldór Gunnarsson	080243-2359	462-6175/690-3575	halldorogbjorg@simnet.is
2017-2019 1 Hallgrímur Gíslason	240948-7619	475-8952/849-4509	hallgrimurgi@gmail.com
2017-2019 1 Halldóra Hrónn Höskuldsd.	080553-3749	462-4192/864-8474	hronn53@gmail.com

Varastjórn

2016-2018 3 Kolbrún Kristjánsdóttir	031032-6449	462-1811	
2017-2019 1 Egill Jónsson	300549-2099	461-1149/848-3666	egilljonsson@gmail.com
2017-2019 1 Garðar Lárusson	260750-2089	461-2632/862-0836	

Nefndir 2017 - 2018 (kosnar til eins árs)

Ferðanefnd:

2017-2018 3 Hulda Eggertsdóttir	060935-2219	462-2424/864-6424	
2017-2018 3 Hákon Hákonarson	060245-4799	462-2881/899-1088	hakon45@simnet.is
2017-2018 3 Rafn Sveinsson	031041-4499	462-1789/896-2720	rafns1@simnet.is
2017-2018 3 Karl Steingrímsson	210942-4919	462-1144/897-2414	kalliogsoffia@gmail.com
2017-2018 3 Karl Jörundsson	150734-3049	462-2993/8987369	karl@aei.is
2017-2018 2 Ásgerður Snorradóttir	220342-4929	462-1934/864-4802	lerkilundur10@simnet.is
2017-2018 3 Kolbrún Kristjánsdóttir	031032+6449	462-1811	

Skemmtinefnd:

2017-2018 3 Birgir Sveinbjörnsson	06445-7299	462-6747/698-7647	birgirs@simnet.is
2017-2018 3 Erna Tulinius	030536-3989	462-2610/862-8610	
2017-2018 3 Páll Gíslason	291240-3809	462-2256/899-7356	
2017-2018 3 Ásta Axelsdóttir	311238-2999	462-1872/841-9979	
2017-2018 3 Sveinn Sigurbjörnsson	290538-3009	463-3167/856-5467	
2017-2018 3 Hildur Svava Karlsdóttir	290842-4929	483-5049/869-5482	hsvava@simnet.is
2017-2018 2 Filippía Sigurjónsdóttir	040454-5869	462-5534/820-8834	8208834@internet.is
2017-2018 2 Pétur Sigurðsson	100749-3359	462-5534/849-3139	8493139@internet.is
2017-2018 1 Ágúst Ellertsson	230946-2809	462-2898/897-7823	lingas@internet.is

Fraeðslunefnd:

2017-2018 2 Hólmfríður Guðmundsdóttir	250844-4769	467-1862/868-1862	holmgud@simnet.is
2017-2018 2 Grétar G. Ingvarsson	230552-4799	462-4335/8469021	ggi@simnet.is
2017-2018 2 Stefán Vilhjálmsón	110949-3169	462-2468/898-4475	thorste103@gmail.com
2017-2018 1 Guðrún Sigurðardóttir	101048-2339	462-3585/847-5430	gudrunsig@gmail.com
2017-2018 1 Ragnheiður Gestsdóttir	090743-3769	462-5543/864-5943	ragnheiðurgestsd@gmail.com

Göngunefnd:

2017-2018 2 Soffía Jónsdóttir	170747-2839	462-3049/897-3049	ossy@talnet.is
2017-2018 2 Júlíana Tryggvadóttir	090843-7619	565-0186/865-5911	julianaht@simnet.is
2017-2018 2 Jakob Jóhannesson	150244-2699	465-1113/842-2456	skjoldal@mi.is
2017-2018 2 Unnur Þorsteinsdóttir	260244-3619	461-2244/867-8111	
2017-2018 2 Gylfi Guðmarsson	241144-2599	462-4533/896-4533	

Kaffinefnd:

2017-2018 3 Vera Sigurðardóttir	290940-2069	8491148	veras@centrum.is
2017-2018 3 Ingigerður Traustadóttir	300343-2019	462-4377	
2017-2018 3 Marta Gestsdóttir	031040-2999	462-6792	
2017-2018 3 Sigurlaug Guðvarðardóttir	211133-2529	461-3541/867-4290	
2017-2018 3 Sigurveig G Einarsdóttir	060636-4789	462-1348	

Spilanefndir:

a) Félagsvist:

2017-2018 3 Gunnar Jóhannsson	180835-2539	462-1107/892-8207	gunnfrid@mi.is
2017-2018 2 Helen Gunnarsdóttir	130853-6769	696-6750	
2017-2018 2 Ásta Þorsteinsdóttir	070851-7769	461-2825/861-2825	astathor@hotmail.com
2017-2018 3 Magnús Kristinsson	110845-4489	462-1379/862-8210	
2017-2018 3 Ragna Aðalsteinsdóttir.	290326-3629	462-1942	

b) Bridds:

2017-2018 1 Brynja Friðfinnsdóttir	080549-4239	697-7782	
------------------------------------	-------------	----------	--

Tillögur stjórnar og uppstillinganefndar:**Skoðunarmenn reikninga:**

2017-2018 2 Ásgerður Snorradóttir 220342-4929 462-1934/864-4802 lerkilundur10@simnet.is
 2017-2018 2 Baldur Guðvinsson 080642-2459 462-2227/863-5027 bgw@simnet.is

Tillögur stjórnar:**Uppstillinganefnd: Tillaga stjórnar fyrir aðalfund 27. mars 2017.**

2016-2018 2 Baldur Þorsteinsson 190546-3309 462-2018/862-0418 balthor46@gmail.com
 2016-2018 2 Kolbeinn Sigurbjörnsson 241246-2569 462-2098/695-3539 kollisigurb@simnet.is
 2017-2019 3 Hugrún Hólmsteinsdóttir 010346-3209 849-0594 hugholm@simnet.is
 2017-2019 3 Sævar Hallgrímsson 240638-3049 462-2868/869-4051 saevarhall@simnet.is
 2017-2019 1 Arnheiður Kristinsdóttir 251040-3699 462-3007/898-0674 arnheidur@simnet.is

8. Árgjald fyrir 2018

Kynning: Gestur Jónsson gjaldkeri EBAK,

Stjórn félagsins lagði til að árgjaldið yrði óbreytt, en ekki lengur boðið upp á að fólk geti greitt með reiðufé. Þeir sem hafa heimabanka greiða 2500 kr en hinir fá gíróseðil og greiða kostnað upp á kr. 300
 Tillagan var samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál

a) Formaður afhenti rósir þeim fulltrúum í stjórn og nefndum sem hætta, en það eru:

Úr stjórn: Aldís Björnsdóttir, Arnheiður Kristinsdóttir og Gestur Jónsson

Úr uppstillinganefnd: Hildur Svava Karlsdóttir

Úr fræðslunefnd: Guðbjörg Bjarman og Valgerður Jónsdóttir

Úr skemmtinefnd: Björg Dagbjartsdóttir

Úr spilanevnd – keppnisbridds: Jóhannes Sigvaldason og Karl Jörundsson

b) Ályktanir aðalfundar.

1) Haukur Halldórsson formaður lagði fram eftirfarandi ályktun:

Aðalfundur Félags eldri borgara á Akureyri haldinn 27. mars 2017 ályktar eftirfarandi:

Fundurinn telur að samþykkt nýrra laga um Tryggingastofnun sem tóku gildi frá síðustu áramótum sé gott skref í rétta átt. Löggin eru einfölduð frá því sem var. Þeir sem verst voru settir og búa einir fengu með nýju lögunum nokkra kjarabót.

Þá fer fundurinn fram á að stjórnvöld hækki strax frítekjumörkin. Þau eru aðeins kr. 25 þús. á mánuði sem er mjög letjandi fyrir eldri borgara, sem vilja taka að sér hlutastarf og leiðir einungis til svartrar vinnu.

Fundurinn krefst þess að lífeyrisréttindi einstaklinga hjá lífeyrissjóðum verði samræmd. Þá lýsir fundurinn yfir megnri óánægju með skerðingu á greiðslum Tryggingastofnunar vegna tekna frá lífeyrissjóðum til eftirlaunafólks.

Fundurinn krefst þess að lífeyrir almannatrygginga taki að lágmarki sömu hækkunum og lægstu laun sem samið veður um í næstu kjarasamningum. Jafnframt að sett verði framfærsluviðmið sem taki mið af raunkostnaði. Enn og aftur skal bent á að hækkun persónuafsláttar væri besta kjarabót láglaunafólks og þar með eftirlaunafólks. Því er skorað á stjórnvöld að hækka skattleysismörkin verulega.

Fundurinn krefst þess að lífeyrir aldraðra verði aldrei lægri en lágmarkslaun í landinu.

Jafnframt leggur fundurinn til að virðisaukaskattur á lyf verði felldur niður og bendir á að margar þjóðir eru með lyf í lægsta þrepi virðisaukaskatts eða að slíkur skattur er ekki lagður á lyf.

Þá skorar fundurinn á stéttarfélag landsins að taka upp harðari baráttu við að leiðrétta kjör aldraðra.

Ályktunin var samþykkt samhljóða.

Spurt var um gjaldskrá fyrir eldri borgara hjá tannlæknum.

2) Halldór Gunnarsson fylgdi svohljóðandi ályktun úr hlaði:

Aðalfundur Félags eldri borgara á Akureyri haldinn 27. mars 2017 leggur mikla áherslu á að Alþingi taki fyrir og samþykki tillögu um Umboðsmann aldraðra. Einnig að réttindagæslumenn fyrir aldraða verði hluti af félagsþjónustu sveitarfélaga. Knýjandi nauðsyn er að til sé aðili sem aldrað fólk geti leitað til með spurningar varðandi ýmis réttindamál og mál sem koma upp í samskiptum við þjónustuaðila.

Þá fagnar fundurinn þeim árangri sem náðst hefur með stofnun Öldungaráða í mörgum sveitarfélögum landsins. Öldungaráð eru mjög góður vettvangur til að tryggja samskipti eldri borgara við ráðamenn sveitarfélaga. Skipan Öldungaráða er góð leið til að tryggja að málefni eldri borgara komist á dagskrá sveitarstjórna.

Ályktunin var samþykkt samhljóða.

c) Guðrún Sigurðardóttir þakkaði félögum sem starfað hafa fyrir félagið.

Að lokum þakkaði Haukur Halldórsson formaður góða fundarsetu og sleit fundi.

112 manns mættu á þennan aðalfund.

Ritarar fundarins voru
Margrét Pétursdóttir
Dóra Steinunn Jónasdóttir